Stöðuuppfærsla 16. júní 2026 á flutningi safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns Íslands.

Frá 4. júní 2025 til dagsins í dag eru farin 15 vörubretti með skjölum Kópavogsbæjar til Þjóðskjalasafns Íslands. Næstu 6 vörubretti, nr. 16-21, verða send mánudaginn 22. júní 2026.
Þá hafa verið sendir um 280 hillumetrar (tæpar 4000 öskjur) af safnkosti Héraðsskjalasafns Kópavogs sem í heild er á bilinu 1500 til 2000 hillumetrar eftir skráningu og hreinsun.
Hvert vörubretti tekur um 200 öskjur eða 14-15 hillumetra.
Úr 2000 hillumetra safn ættu því að koma um 140-150 vörubretti.

Þar munar mest um afhendingar sem eru bókhaldsskjöl Kópavogsbæjar frá 1955 til 2019, en sú fyrsta er stærsta einstaka afhendingin í safninu. Hinar eru minni að umfangi og hafa allar verið í geymslu í fjargeymslu í Fannborg 3-5.
Lögð hefur verið áhersla á að tæma geymsluna í Fannborg m.t.t. framkvæmda á Hamraborgarsvæðinu. Þar eru einnig geymd skjöl frá félagsþjónustu, stjórnsýslu og skipulagi.

Aðeins hluti safnkosts er skráður, en í safninu eru um 1100 afhendingar, stórar og smáar, og gengur mismunandi greiðlega að búa afhendingar til flutnings.
Afhendingar eru bæði opinber skjöl og einkaskjalasöfn.

Samstarf við Þjóðskjalasafn Íslands í flutningunum er með ágætum og er aðstoð auðsótt. Það hefur t.a.m. verið örðugt um vik að bjóða upp á lestraraðstöðu í húsnæði Héraðsskjalasafnsins vegna flutninganna en ef gestir þurfa að komast í skjöl, þá er reynt eftir fremsta megni að koma þeim í forgagnsskráningu til aðgangs á lestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands.

Kópavogi, 16. júní 2026

Guðmundur Þorsteinsson
skjalavörður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026